



REGLUGERÐ UM AFREKSSJÓÐ ÍSÍ

1. grein – Nafn sjóðsins

Sjóðurinn heitir Afrekssjóður Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands, hér eftir Afrekssjóður ÍSÍ.

2. grein – Hlutverk og markmið sjóðsins

Meginhlutverk Afrekssjóðs ÍSÍ er að veita sérsamböndum fjárhagslegan stuðning vegna afrekstarfs þeirra í íþróttum viðurkenndum af ÍSÍ og þar með íslensku afreksíþróttafólki við að ná árangri í alþjóðlegri keppni.

Sjóðurinn skal tryggja að styrkjum sé ráðstafað á faglegan og markvissan hátt í samræmi við Afrekisstefnu ÍSÍ.

3. grein – Verkefni sjóðsins

Verkefni sjóðsins er að úthluta styrkjum til sérsambanda ÍSÍ vegna afrekstarfs í íþróttagreinum viðurkenndum af ÍSÍ.

Stjórn Afrekssjóðs ÍSÍ gerir tillögur um úthlutun styrkja á grundvelli umsókna, með hliðsjón af áherslum stjórnar Afreksmiðstöðvar Íslands (AMÍ) og í samræmi við Afrekisstefnu ÍSÍ. Tillögurnar skulu lagðar fyrir framkvæmdastjórn ÍSÍ til endanlegrar staðfestingar.

4. grein – Tekjur sjóðsins

Afrekssjóður ÍSÍ nýtur framlags af fjárlögum ríkisins samkvæmt samningi milli ÍSÍ og mennta- og barnamálaráðuneytis auk framlags frá ÍSÍ samkvæmt úthlutunarreglum ÍSÍ vegna Lottó.

5. grein – Stjórn sjóðsins

Í stjórn Afrekssjóðs ÍSÍ sitja fimm einstaklingar sem skipaðir eru af framkvæmdastjórn ÍSÍ. Formaður skal skipaður úr röðum framkvæmdastjórnar. Skipan stjórnarmanna skal eiga sér stað að loknu íþróttapingi ÍSÍ til tveggja ára í senn. Við skipan í stjórn sjóðsins skal gætt að því að hlutfall kynja sé sem jafnast.

6. grein – Hæfi stjórnarmanna

Stjórnarmenn sjóðsins skulu ekki starfa við afreksmál sérsambanda né sitja í stjórn, nefndum eða ráðum þeirra. Þeir skulu starfa í þágu allra sérsambanda og íþróttahreyfingarinnar í heild sinni, vera sjálfstæðir í störfum sínum og óháðir. Stjórnarmenn gæta sjálfir að hæfi sínu við störf sín.

7. grein – Stjórnarfundir og boðun þeirra

Stjórn Afrekssjóðs ÍSÍ fundar eftir því sem þörf er á. Formaður boðar til funda og er stjórn ákvörðunarbær þegar meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Allir stjórnarmenn hafa atkvæðisrétt á





stjórnarfundum. Séu atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns úrslitum. Fundargerðir stjórnar sjóðsins skal birta á vefsvæði sjóðsins á heimasíðu ÍSí.

8. grein - Reikningar sjóðsins og endurskoðun

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skal halda bókhaldi sjóðsins aðskildu frá öðrum rekstri ÍSí.

Endurskoðun reikninga sjóðsins á sér stað samhliða reikningum ÍSí og fylgir þeim reglum sem gilda um endurskoðun á reikningum ÍSí.

9. grein – Rekstur sjóðsins

Rekstur sjóðsins skal greiddur af árlegu ráðstöfunarfé hans samkvæmt samningi við mennta- og barnamálaráðuneytið. Til reksturs telst öll almenn umsýsla ÍSí með sjóðnum, svo sem móttaka umsókna og annarra erinda, umsjón reikningshalds, fjárvarsla, greiðslur, skjalavarsla og birting upplýsinga um starfsemi sjóðsins.

Sjóðsstjórn skal semja sérstaklega við ÍSí um frekari greiðslur vegna vinnu fyrir sjóðinn. ÍSí skal falin fagleg vinna að verkefnum sjóðsins samkvæmt samkomulagi við stjórn sjóðsins. Í því felst einkum að:

- a) annast upplýsingaöflun fyrir sjóðsstjórn gagnvart umsækjendum og öðrum hlutaðeigandi.
- b) leiðbeina umsækjendum og annast samskipti við umsækjendur eftir að úthlutun hefur átt sér stað.
- c) aðstoða stjórn sjóðsins við að uppfylla skyldur sínar.

10. grein – Skýrslur

Sjóðurinn birtir árlega skýrslu á vefsvæði sjóðsins á heimasíðu ÍSí. Í skýrslunni skulu koma fram upplýsingar um áherslur ársins, umsóknir, styrkveitingar og helstu tölfræðilegu upplýsingar um starfsemi sjóðsins.

11. grein - Skilyrði fyrir styrkveitingum

Öllum sérsamböndum ÍSí er heimilt að sækja um styrk úr Afrekssjóði ÍSí. Eingöngu er heimilt að veita styrki til þeirra sérsambanda ÍSí sem hafa sett sér markvissa og raunhæfa afrekss stefnu ásamt aðgerðaráætlun samkvæmt viðmiðum ÍSí. Stjórn Afrekssjóðs ÍSí er þó heimilt að veita undanþágu vegna þeirra sérsambanda sem stofnuð hafa verið á síðustu 24 mánuðum svo framarlega sem drög að afrekss stefnu liggi fyrir og staðfesting á því að hún verði borin upp til samþykktar á næsta sérsambandsþingi.

Afrekss stefnur sérsambanda ÍSí skulu taka mið af gildandi Afrekss stefnu ÍSí hverju sinni og uppfylla leiðbeinandi ramma um afrekss stefnur sem framkvæmdastjórn ÍSí setur. Skal afrekss stefnan hafa verið staðfest á sérsambandsþingi.

Öll sérsambönd ÍSí skulu vera með skilgreint heilbrigðisteymi, annað hvort sitt eigið eða í samvinnu við ÍSí. Mikilvægt er að kröfur varðandi heilbrigðisteymi séu skilgreindar í afrekss stefnu sérsambands.

Þau sérsambönd sem hljóta styrki úr Afrekssjóði ÍSí skulu taka þátt í alþjóðlegum mótum og keppnum.





12. grein – Skilgreining afreka

ÍSí skal á hverjum tíma skilgreina viðmið afreka í samvinnu við hvert sérsamband ÍSí og kynna innan íþróttahreyfingarinnar, samanber Afrekssstefnu ÍSí.

13. grein - Afrekshlokkar

Stjórn Afrekssjóðs ÍSí skal árlega flokka sérsambönd í tvo afrekshlokkar, Afrekssérsambönd og Verkefnasérsambönd.

Sérsambönd raðast í flokka eftir besta árangri innan sérsambandsins, hvort heldur vegna liða/hópa eða einstaklinga. Flokkun sérsambanda í afrekshlokkar og tillögur um úthlutanir skulu lagðar fyrir framkvæmdastjórn ÍSí til endanlegrar staðfestingar.

13.1 – Í flokk Afrekssérsambanda falla þau sérsambönd sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- a) eru með verulega og reglulega þátttöku einstaklinga eða liða í alþjóðlegum mótum fullorðinna þar sem keppt er um stig á heimslista og/eða reynt að vinna sér þátttökurétt eða verðlaun á lokamóti á HM/EM/ÓL/PL eða stærstu mótaröð í Evrópu/heimi.
- b) eru með fullnægjandi og staðfesta afrekssstefnu sem gildir til fjögurra ára og aðgerðaráætlun til tveggja ára.
- c) hafa starfandi íþróttar- eða afrekssstjóra eða landsliðsþjálfara í hálfu starfi hið minnsta á ársgrunni.
- d) taka þátt í þeim HM og/eða EM sem haldin eru af viðeigandi alþjóðasérsamböndum.
- e) hafa virka og öfluga hæfileikamótun sem miðar að því að búa til einstaklinga/lið sem geta komist í fremstu röð í heiminum í sinni íþróttagrein.

Uppfylli sérsamband ekki öll framangreind skilyrði skal stjórn Afrekssjóðs ÍSí meta hvort færa eigi sérsambandið í flokk Verkefnasérsambanda.

Þá skulu Afrekssérsambönd leitast eftir því að:

- f) hafa á að skipa dómara með alþjóðleg réttindi sem tekur virkan þátt í alþjóðlegum verkefnum.
- g) tryggja að þeir sem sinna afrekssstarfi sérsambands hafi þá menntun sem ætlast er til samkvæmt afrekssstefnu sérsambandsins og alþjóðlegra sambanda.
- h) vera með skilgreinda æfingaaðstöðu fyrir afrekssstarf/landsliðsstarf sem uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru til viðkomandi íþróttagreinar.

Afrekssérsambönd skulu flokkuð árlega samkvæmt fimm þrepa árangurskvarða út frá árangri og/eða stöðu á heimslista undanfarinna fjögurra ára.

13.2 - Í flokk Verkefnasérsambanda falla þau sérsambönd sem uppfylla ekki skilyrði afrekssérsambanda.

Um er að ræða sérsambönd sem ættu að leitast við að leggja áherslu á hæfileikamótun en taka einnig þátt í alþjóðlegu landsliðsstarfi með ungmenni og fullorðna.

Þau séu með afrekssstefnu sem gildir til tveggja ára og aðgerðaráætlun til eins árs.





14. grein – Grundvöllur styrkveitinga

ÍSí skal móta afrekslista fyrir íþróttagreinir þar sem gert er grein fyrir helstu afrekum sérsambanda, skilgreindum af sérsamböndum og ÍSí auk stöðu íþróttafólks og liða á heimslista að teknu tilliti til stærðar og samsetningar heimslistans. Skal slíkur afrekslisti notaður við mat stjórnar sjóðsins vegna styrkveitinga, en sjóðsstjórn er heimilt að meta styrkfjárhæð til sérsambanda að teknu tilliti til afrekssstefnu viðkomandi sérsambands, útbreiðslu og stærðar íþróttagreinar og stöðu einstaklinga og/eða liða á heimsvísu.

15. grein - Styrkfjárhæðir

Stjórn Afrekssjóðs ÍSí ákveður fjárhæðir til úthlutunar út frá tekjum og fjárhag sjóðsins hverju sinni. Því skal úthluta ráðstöfunarfé hvers árs en halda þó eftir hluta höfuðstóls til að mæta sveiflum í sjóðsstreymi og óvæntum úthlutunum innan ársins.

Stjórn Afrekssjóðs ÍSí skal leitast við að veita um 95% af úthlutunarfjárhæð hvers árs til Afrekssérsambanda og 5% til Verkefnasérsambanda.

Styrkveitingar ráðast af viðmiðunarfjárhæðum og áherslum hvers árs sem birtar eru þegar óskað er eftir umsóknum.

Stjórn Afrekssjóðs ÍSí er heimilt að veita sérsambandi viðbótarstyrk til að koma í veg fyrir að heildarstyrkur til sérsambandsins úr Afrekssjóði ÍSí lækki umfram 25% á milli ára.

Við mat á störfum sérsambanda og fjárhæðum styrkja innan flokks skal litið til þeirra skilyrða sem talin eru upp í 13. grein, auk þess sem tekið skal mið af eftirfarandi atriðum:

- a) Keppnisfyrirkomulags og fjölda þátttökupjóða í viðkomandi íþróttagreinum.
- b) Þátttökumöguleika á Ólympíuleikum/Paralympic Games.
- c) Stærð sérsambands (þ.m.t. fjölda iðkenda, yngri keppenda og afreksíþróttafólks).
- d) Hæfileikamótun sérsambands og þeirra afreksefna sem eru til staðar í viðkomandi íþróttagrein, samanber afrekssstefnu sérsambands.

16. grein – Auglýsing eftir umsóknum

Afrekssjóður ÍSí skal auglýsa eftir umsóknum a.m.k. einu sinni á ári. Meðfram auglýsingu skal kynna sérsamböndum árlegar viðmiðunarfjárhæðir og áherslur ársins.

Sérsambönd geta sótt um utan auglýsts umsóknarfrests vegna ófyrirséðra verkefna tengdum auknum íþróttalegum árangri.

17. grein – Umsóknir

Umsóknir skulu berast rafrænt á þar til gerðum eyðublöðum, innan uppgefins umsóknarfrests. Ítarleg fjárhagsáætlun um afrekssstarf viðkomandi sérsambands skal fylgja umsókn auk annarra fylgiskjala sem getið er í umsóknareyðublaði.

Afrekssjóður ÍSí skal gefa út leiðbeiningar vegna styrkumsókna og skulu starfsmenn ÍSí aðstoða umsækjendur og leiðbeina þeim eftir því sem framast er unnt við gerð umsóknar og áætlanagerð.





Öllum umsóknum skal svarað skriflega.

18. grein – Ákvörðun um úthlutun styrkja

Stjórn Afrekssjóðs ÍSÍ tekur afstöðu til fullbúinna umsókna sérsambanda þegar flokkun sérsambanda í afrekshópnum liggur fyrir. Heimilt er að kalla eftir frekari gögnum eða upplýsingum frá sérsamböndum eftir því sem tilefni er til.

Ákvarðanir um styrkveitingar skulu byggðar á niðurstöðu faglegs mats á umsóknum og með hliðsjón af markmiðum sjóðsins og áherslum hvers árs. Ávallt skal gæta jafnræðis, hlutlægni og gagnsæis við ákvörðun um styrkveitingar.

Við ákvörðun um styrkveitingu skal sjóðsstjórn taka sérstakt tillit til heildartekna og fjárhagsstöðu sérsambanda. Á þeim grundvelli er heimilt að skerða styrki til sérsambanda að hluta eða öllu leyti.

Sjóðsstjórn er heimilt að hafna umsókn eða skerða styrkveitingu vegna umsókna sem ekki berast innan umsóknarfrests eða ef verulegir vankantar eru á umsókn.

Óheimilt er að veita styrki vegna einstaklinga sem taka út refsingu vegna brota á lyfjareglum eða vegna hagræðingar úrslita og þeirra sem eru í keppnisbanni af öðrum sökum. Sama á við um einstaklinga sem hafa hlotið refsisdóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla, 211. eða 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 eða hafa á síðastliðnum 5 árum hlotið refsisdóm fyrir brot á lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974.

Styrki til sérsambanda er heimilt að veita til allt að fjögurra ára í senn. Allar styrkveitingar til lengri tíma en eins árs skulu endurskoðaðar árlega.

Stjórn Afrekssjóðs ÍSÍ skal birta hverju sérsambandi drög að eigin úthlutun og gefa þeim viku frest til að gera athugasemdir. Allar athugasemdir skulu teknar til skoðunar og þeim svarað skriflega. Að lokinni yfirferð og mati á athugasemdum skal sjóðsstjórn gera tillögu um úthlutun styrkja og skal hún lögð fyrir framkvæmdastjórn til endanlegrar staðfestingar. Ákvarðanir sem hafa verið staðfestar af framkvæmdastjórn ÍSÍ eru endanlegar og ekki kærarlegar.

19. grein – Varðveisla gagna og birting upplýsinga

Umsóknargögn, samningar og skjöl sem tengjast starfsemi sjóðsins skulu varðveitt í gagnasafni ÍSÍ.

Stjórn Afrekssjóðs ÍSÍ skal birta umsækjendum sundurliðaðar upplýsingar um úthlutanir til sérsambanda. Upplýsingar um fjárhæðir sem sótt var um skulu jafnframt fylgja.

Á vefsvæði sjóðsins á heimasíðu ÍSÍ skal birta upplýsingar um hvaða sérsambönd fengu úthlutun og heildarfjárhæð styrkveitingar.

20. grein – Samningar um styrki

Við styrkveitingu skal gera skriflegan samning milli sjóðsins og sérsambands þar sem markmið, greiðslur og önnur atriði eru skilgreind.

Sérsamböndum ÍSÍ er skylt að gera skriflega samninga við þá einstaklinga, eða forráðamann sé viðkomandi undir lögaldri, sem sérstaklega er kveðið á um í samningi ÍSÍ og sérsambands. Í samningi sérsambands og einstaklings skal kveðið á um markmið, greiðslur, þátttöku í verkefnum, skýrsluskil og





hegðunarviðmið. Sérstaklega skal fjalla um bann við lyfjamisnotkun og hagræðingu úrslita í slíkum samningi.

21. grein – Skyldur sérsambanda ÍSí vegna einstaklinga

Sérsamböndum ber að gera samning við einstaklinga sem hljóta styrki úr Afrekssjóði ÍSí. Í samningnum skal m.a. koma fram að einstaklingurinn:

- a) gangist undir skilyrði um reglusemi, sinni æfingaáætlun, sýni stígandi framfarir í íþrótt sinni og verði öðrum góð fyrirmynd.
- b) geri sérsambandinu og Afrekssjóði ÍSí grein fyrir þeim tekjum og samningum sem hann hefur unnið til á meðan hann hlýtur styrk frá sérsambandi sínu, sé þess óskað.
- c) virði Ólympíusáttmálann, fylgi reglum Lyfjaeftirlits Íslands og reglum WADA (Alþjóðalyfjaeftirlitsstofnunarinnar) um lyfjanotkun og lyfjaeftirlit, siðareglum og hegðunarviðmiðum ÍSí, reglum varðandi auglýsingar og markaðsmál í undanfara og á meðan Ólympíuleikum stendur sem gefnar eru út af IOC (Alþjóðaólympíunefndin) og taki þátt í kynningarverkefnum ÍSí og Ólympíufjölskyldu ÍSí

Verði sérsamband upplýst um hugsanlegt brot einstaklings á lyfjareglum WADA sem tilgreindur er í umsókn sérsambands um styrk frá Afrekssjóði ÍSí ber sérsambandi að upplýsa sjóðinn um það án tafar.

22. grein - Greiðslur

Allar greiðslur úr sjóðnum skulu berast viðkomandi sérsambandi.

Styrkfjárhæðir skulu nýttar í þar tilgreind afreksverkefni, ekki til almenns rekstrar.

Styrkir eru greiddir í jöfnum greiðslum yfir árið eða samkvæmt nánara samkomulagi sérsambands við sjóðinn.

Lokagreiðsla styrkja skal ávallt vera háð skilum á lokaskýrslu um afreksstarf ársins og ársreikningi þar sem fjárhagslegt uppgjör verkefna er tilgreint.

23. grein – Skilagreinar

Sérsambönd ÍSí skulu sundurliða gjöld vegna afreksstarfs og styrkveitinga úr sjóðnum í ársreikningi sínum.

Sérsambönd skulu senda sjóðsstjórn skilagreinar um ráðstöfun styrkja með ársreikningi sambandsins eða samkvæmt samningi, þó aldrei síðar en fjórum mánuðum frá uppgjörstegi.

24. grein – Frestun og niðurfelling styrkja

Sjóðsstjórn getur tafarlaust frestað eða fellt niður styrkveitingar ef:

- a) skilyrðum samkvæmt reglugerð þessari er ekki lengur fullnægt
- b) veittar hafa verið rangar eða villandi upplýsingar
- c) áætlanir ganga ekki eftir eða nauðsynleg gögn berast ekki





- d) sérsamband brýtur samning við sjóðinn
- e) einstaklingur brýtur samning við sérsamband vegna úthlutunar úr Afrekssjóði

Berist skilagreinar ekki innan þriggja mánaða frá skilafresti má rifta öllum samningum um afreksstyrki og krefjast endurgreiðslu styrkja að því marki sem ekki liggur ljóst fyrir hvernig fjármunum var ráðstafað eða ef ráðstöfun var ekki í samræmi við samning.

Stöðva skal tímabundið greiðslur vegna einstaklingsstyrkja ef viðkomandi er til rannsóknar vegna hugsanlegra brota á lyfjareglum eða hagræðingar úrslita. Verði viðkomandi dæmdur brotlegur er sjóðsstjórn heimilt að krefjast endurgreiðslu á þegar greiddum styrkjum.

Fái sérsamband eða einstaklingur sem nýtur sérstaks stuðnings Afrekssjóðs ÍSÍ vegna verkefna sinna, greiddar verulegar fjárhæðir frá öðrum aðilum vegna íþróttaiðkunar og/eða árangurs getur Afrekssjóður ÍSÍ dregið úr styrkveitingum sínum eða fellt þær niður. Þá skal Afrekssjóði ÍSÍ vera heimilt að líta til slíkra atriða við síðari úthlutanir.

Allar niðurfellingar styrkja, endurgreiðslukröfur og riftanir samninga skulu staðfestar af framkvæmdastjórn ÍSÍ.

25. grein – Aðrir afreksstyrkir ÍSÍ

Framkvæmdastjórn ÍSÍ getur falið Afrekssjóði ÍSÍ umsjón með öðrum styrkveitingum sem tengjast afreksíþróttum. Skulu þessir styrkir falla undir sömu ákvæði og aðrir styrkir Afrekssjóðs ÍSÍ hvað varðar umsóknir, skilagreinar, greiðslur, niðurfellingar, eftirlit og skyldur þeirra aðila sem tengjast styrknum.

26. Grein - Heilbrigðisteymi

Heilbrigðisteymi AMÍ er samnefnari heilbrigðisteyma sérsambanda ÍSÍ, en í heilbrigðisteymi eru þeir aðilar sem koma að heilbrigðisþáttum og íþróttamælingum viðkomandi íþróttagreinar, s.s. lækna, sjúkraþjálfara, sálfræðinga, næringarfræðinga, lífeðlisfræðinga, íþróttifræðinga og aðrir fagaðilar tengdir sérsamböndum ÍSÍ, heilbrigðiskerfinu og menntastofnunum.

Ein forsenda styrkveitingar er að sérsamband hafi á að skipa heilbrigðisteymi, annað hvort sitt eigið eða í samvinnu við ÍSÍ, og er litið til þess við úthlutun afreksstyrkja. Í því skyni getur Afrekssjóður ÍSÍ ákveðið að hlutfall styrkja sem rennur til sérsambanda skuli varið til að standa undir heilbrigðisteymiskostnaði þeirra og/eða undir sameiginlegri þjónustu til hagsbóta fyrir sérsambönd ÍSÍ, s.s. þjónustu AMÍ.

27. grein – Slit sjóðsins

Ef ákveðið verður að leggja niður starfsemi sjóðsins skulu óráðstafaðar eignir hans renna til sambærilegra verkefna á vegum AMÍ og lýst er í reglugerð þessari og skal framkvæmdastjórn ÍSÍ taka við skyldum sjóðsins þar til eignum sjóðsins er að fullu ráðstafað.

28. grein - Gildistími

Reglugerð þessi tekur gildi við samþykki framkvæmdastjórnar.
Reglugerð þessa skal endurskoða árlega.

Samþykkt á fundi framkvæmdastjórnar ÍSÍ, 15. október 2025.

